

Truenorth Ísland ehf.
Kristinn Thordarsson
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
31. júlí 2014 9.5.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júlí 2014
Tilvísun: UST20140700171/abb

Leyfi til kvikmyndatöku - Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Kristins Þórðarsonar hjá True North, dags. 17. júlí 2014, þar sem óskað er eftir leyfi til að kvikmynda landslag í Dyrhólaey þann 6. og 7. ágúst nk. vegna kvikmyndarinnar Shamer's Daughter. Í erindi, dags. 6. mars sl., var óskað eftir að leyfi til að mynda mann á hesti í Háey Dyrhólaeyjar.

Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 sem friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Samkvæmt friðlýsingunni er óheimilt að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði og getur Umhverfisstofnun takmarkað aðgengi almennings að eyinni á tímabilinu 1. maí til 25. júní til verndar fuglalífi.

Lýsing

Um er að ræða tókur fyrir danska kvikmynd, Shamer's Daughter, á föstum römmum af ýmsum sjónarhornum ofan af Háey og út á sjó til að nota við tölvuvinnslu myndarinnar. Kvikmyndavélin verður á þrífæti en á nokkrum stöðum verður notast við kvikmyndakrana. Tilgangurinn með kvikmyndakrananum er að ná háum vinklum og til að sjá út á sjó. Krananum er hægt að ýta eftir stígum sem eru á Háey og fer lítið fyrir þeim. Undir þá eru settir litlir pallar eða mottur. Nokkrir aukaleikarar munu mögulega vera í forgrunni í sumum tókunum. Um aukaleikara verður að ræða sem munu klæðast sömu búningum og leikararnir nýttu í tókum vegna myndarinnar í Tékklandi. Mynda á einn hest og einn reiðmann, þar sem reiðið er í átt að sjónum austan megin á Háey Dyrhólaeyjar, með gatið í klettinum Tónni á hægri hönd. Á einhverjum stöðum þarf að fara með kvikmyndatökuvél út fyrir göngustíga. Á meðan tókur fara fram gæti þurft að stýra umferð gangandi manna frá ákveðnum svæðum í örstuttan tíma. Að tókunum koma 25 manns á 6-8 farartækjum sem yrðu staðsett á bílastæðinu í Háey á meðan tókur fara fram. Ákvörðun verður tekin síðar ef um kvikmyndatökur úr þyrlu verður að ræða yfir söndum og yfir sjónum og er stuðst við bréf Umhverfisstofnunar, dags. 12. júní sl., varðandi leiðbeiningar stofnunarinnar.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökurnar miðað við lýsingu hér að ofan með eftirfarandi skilyrðum:


1. Senda skal dagskipun vegna takana til Umhverfisstofnunar (Ingibjörg Eiríksdóttir svæðislandvörður s. 8224034) með a.m.k. dags fyrirvara.
2. Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
3. Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
4. Samþykki landeigenda fáist fyrir kvikmyndatökunum.
5. Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
6. Leggja skal mottur eða palla undir kvikmyndbúnað og mannskap þar sem nauðsynlegt er að fara út fyrir göngustíga til að hlífa gróðri.
7. Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
8. Óheimilt er að trufla dýralíf.
9. True North skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tukur hefjast.
10. Umferð hesta um svæðið er heimil en lausaganga er bönnuð og er óheimilt að beita hestinum innan svæðisins. Stutt áning er þó heimil.
11. Reynt verði að skipuleggja tókurnar með þeim hætti að ferðamenn á svæðinu verði fyrir sem minnstri röskun til að takmarka stýringu á umferð þeirra.
12. Þess verði gætt að aðgengi ferðamanna að bílastæði á Háey verði ekki teppt og þau farartæki sem ekki þurfa nauðsynlega að vera þar séu geymd annarstaðar á meðan tukur fara fram svo ferðamenn geti áfram nýtt bílastæðið.
13. Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
14. Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með kvikmyndatökunum, undirbúningi þeirra og frágangi. Tekið verður gjald fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 1281/2013, kr. 11.200 klst.

Umhverfisstofnun veur athygli á því sem fram kom í bréfi stofnunarinnar til umsækjanda þann 12. júní sl. varðandi flug á svæðinu. Þar sagði að eftir 25. júní væri heimilt að fljúga þyrlu í 500 metra hæð yfir eygni á meðan fugl er í björgunum. Eftir að fugl hefur yfirgefið eyna gilda almennar flugreglur, þ.e. 500 fet eða 150 metrar.

Umhverfisstofnun veur athygli á því að leyfi Matvælastofnunar þarf fyrir notkun dýra við kvikmyndatökur.

Virðingarfyllt


Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur


Ólafur A Jónsson
Sviðsstjóri